

# Laxá á Ásum 1998

Bjarni Jónsson

Apríl 1999

VMST/N-99004

## **Inngangur**

Gerð var athugun seiðastofnum í Laxá á Ásum sumarið 1998. Markmið Þessara athuganna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í Laxá. Á grundvelli Þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand laxastofna á vatnasvæði Laxár á Ásum.

## **Aðferðir**

Ástand seiðastofna í Laxá var kannað með rafveiðum. Í ágúst 1998 var rafveitt á tíu stöðum í Laxá; tveimur stöðum í efri Laxá, fyrir neðan stíflu í Svínavatni (stöð 1) og nokkru neðar í ánni (stöð 3), og á átta stöðum víðsvegar í neðri Laxá. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Tumi Tómasson 1998, VMST-N/98009), en bætt við einum nýjum stað skammt fyrir neðan stöð 7 (stöð 7b) vegna áfalls sem varð við virkjunina er vatn fór af Laxá tímabundið. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 176m-800m<sup>2</sup> en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## **Niðurstöður rafveiða**

### **Laxaseiði**

Haustið 1997 voru grafin hrogn í Laxá skammt fyrir neðan stíflu við Svínavatn (stöð 1). Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði á þessum stað (0+), en aðeins var þar af eins- og tveggja ára laxaseiðum (1+, 2+; mynd 2a; tafla 1).

Einnig voru grafin hrogn víðar í ánni og var seiða úr hrognagreftri leitað nokkru neðar í ánni á stað 3. Þar var talsvert af vorgömlum laxaseiðum, vottur af eins árs laxaseiðum og töluvert af tveggja ára laxaseiðum (mynd 2a; tafla 1).

Á stað 4 fyrir neðan stíflu við Laxárvatn var talsvert af laxaseiðum, sérstaklega eins árs seiðum en einnig vorgömlum og þriggja ára laxaseiðum (mynd 2a; tafla 1).

Rafveitt var á hefðbundnum stað fyrir ofan ármót við rafveituskurð (stöð 6). Á þessum stað var mikill fjöldi laxaseiða af öllum árgöngum, (0+, 1+, 2+, 3+). Mestur þéttleiki var af tveggja ára laxaseiðum (mynd 2b; tafla 1).

Mínna var af seiðum en þó töluvert á stað 7 fyrir neðan ármót við rafveituskurðinn. Þar voru einnig allir árgangar, en mest af eins og tveggja ára laxaseiðum (mynd 2c; tafla 1).

Vegna þess að vatn fór tímabundið af hluta Laxár vegna bilunar í rafstöðinni var bætt við rafveiðistað nokkru neðan við rafveituskurðinn, staður 7b (neðar enn staður 7) svo að meta mætti hvort að þéttleiki laxaseiða á svæðinu væri óeðlilega lítill. Þar voru þrjár

árgangar laxaseiða (0+, 1+, 2+) en allnokkru minna af þeim en ofar eða neðar í ánni (mynd 2c; tafla 1).

Rafveitt var í rafveituskurðinum en erfitt var að athafna sig vegna mikils vatnsrennslis á meðan á rannsókninni stóð. Þar voru Þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul seiði og tveggja og Þriggja ára laxaseiði. Einn árgang vantaði, eins árs seiði. Töluvert var af stórum laxaseiðum í skurðinum að Þessu sinni (mynd 2c; tafla 1).

Mikið var af vorgömlum laxaseiðum og eins árs seiðum í neðri hlut laxár. Þéttleiki vorgamalla laxaseiða var langmestur í ánni á stað 10 og Það sama má segja um eins árs laxaseiði. Ekki fundust Þar eldri laxaseiði (mynd 2d; tafla 1).

Á stað 11 voru vorgömul laxaseiði og eins árs laxaseiði (mynd 2e; tafla 1).

Á neðsta rafveiðistaðnum í ánni, stað 12 veiddist aðeins einn árgangur laxaseiða, eins árs seiði, en talsvert var af þeim á Þessu svæði (mynd 2e; tafla 1).

### Urriðaseiði

Talsvert var af vorgömlum urriðaseiðum í efri hluta laxár og niðurfyrir rafveituskurð en ekki varð vart við urriðaseiði neðar í ánni. Eins árs urriðaseiði veiddust á báðum rafveiðistöðunum í efri Laxá og rétt neðan við rafveituskurðinn. Tveggja ára urriðaseiði fundust aðeins á einum stað, fyrir neðan stíflu í Laxárvatni (tafla 1).

### Bleikjuseiði

Vorgömul bleikjuseiði fundust á rafveiðistöðunum fyrir neðan rafveituskurðinn, stöðum 7 og 7b. Eins árs bleikjuseiði voru á kaflanum frá Laxárvatnsstíflu niður undir rafveituskurð og í rafveituskurðinum sjálfum. Ekki varð vart við bleikjuseiði á öðrum stöðum (tafla 1). Áll kom inn í rafveiði á einum stað, rétt fyrir ofan ármót við rafveituskurð (stöð 6). Hann var Þar á grýttum botni.

**Tafla 1. Fjöldi veiddra laxa, urriða- og bleikjuseiða á hverja 100m<sup>2</sup> í rafveiðum í Laxá á Ásum sumarið 1998.**

Stöð	Stærð	Laxaseiði			Urriðaseiði			Bleikjuseiði		
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+	0+	1+
1	40x20		0.68	0.37		0.12	0.12			
3	20x20	4.50	0.25	1.50		8.25	1.75			
4	30x8	0.83	9.58	0.83		0.42		0.83		0.42
6	20x15	2.00	14.00	24.67	9.67	0.33				0.33
7	18x11	3.03	12.63	7.58	0.51	0.51	0.51		0.51	
7b	38x9	5.85	1.75	0.58					0.29	
8	22x8	2.27		6.25	2.84	0.57				0.57
10	20x12	52.5	10.00							
11	30x12	1.94	3.06							
12	38x9		6.73							

## Umræða

### Ástand seiðastofna

Sterkasti árgangur laxaseiða í Laxá 1998 voru eins árs seiði. Töluvert sterkur árgangur vorgamalla seiða var einmitt í ánni sumarið 1997 (Tumi Tómasson 1998). Eins árs seiði veiddust á öllum rafveiðistöðunum, nema í rafveituskurðinum. Töluvert mikið var af þessum seiðum í neðri Laxá, með einni undanekningu, svæðinu sem vatn fór af Þegar vatnsrennsli stöðvaðist vegna bilunar í virkjunarmannvirkjum. Þessi seiði sem og önnur seiði í ánni, voru í mjög góðum holdum. Mest var af tveggja ára laxaseiðum í, við og fyrir ofan rafveituskurðinn. Ef vel vorar mun töluverður hluti þessarar seiða ganga til sjávar sumarið 1999. Athygli vakti hve mikið var af Þriggja ára laxaseiðum á svæðinu fyrir ofan ármót við rafveituskurð. Frá þessu svæði virðast laxaseiðin ekki ganga í sjó fyrr en á sínu fjórða ári (sjá Tumi Tómasson 1998), Þó að búsvæðin þar séu einkar góð. Frumframleiðslu frá Laxárvatni gætir Þó minna á þessum stað heldur en nær útfallinu þar sem ferskvatnsdýl seiða er skemmri. Einnig er jafnan mikil Þéttleiki laxaseiða á þessu svæði. Minni framleiðni og mikill Þéttleiki kann að skýra þennan langa ferskvatnsaldur, búsvæðið er gott svo staðurinn skilar ávallt frá sér töluverðu af gönguseiðum, á meðan aðrir staðir í ánni eru sveiflukendari. Úr neðri hluta efri Laxár mun ganga talsvert af Þriggja ára gönguseiðum sumarið 1998 og eitthvað af tveggja ára laxaseiðum af svæðinu fyrir neðan Laxárstíflu. Vænta má þess að mjög lítil ganga verði út af neðsta svæðinu í neðri Laxá, eða allt frá Svartabakka og niður úr (staðir 10-12). Það bendir hinsvegar flest til þess að þaðan hafi verið mjög góð ganga af Þriggja ára gönguseiðum sumarið 1998. Á heildina litið er ástand laxaseiða gott í Laxá, góð ganga hefur verið til sjávar sumarið 1998, en vænta má þess að hún verði heldur minni og kaflaskiptari sumarið 1999.

Ástand urriðaseiða var gott. Vart var við vorgömul urriðaseiði víðar en sumarið 1997, en að öðru leiti var dreifing þeirra og Þéttleiki ekki ósvipaður því sem verið hefur (sjá Tumi Tómasson 1998). Aðeins varð vart við bleikjuseiði og ljóst að eitthvað er af ál í Laxá en athyglivert var að veiða ál á grýttu broti svo ofarlega í ánni (stöð 6). Þar er stærri áll væntanlega afræningi á laxaseiði því mikið er af þeim þar.

Bilun sem varð í virkjuninni síðastliðið sumar sem varð til þess að vatn fór af hluta árinna hefur valdið beinum skaða á seiðastofnum árinna á töluverðum kafla og óbeinn skaði af slíku slysi hefur orðið á stærra svæði. Miklu minna var þarna af seiðum en eðlilegt getur talist (staður 7b). Seiði voru í ánni fyrir neðan ármót við rafveituskurð en mikið er af seiðum fyrir ofan ármótin og dreifa þau sér niður ef þar fækkar seiðum. Þarna átti sér stað atvik og skaði sem algerlega er óásættanlegt að gerist. Grípa þarf til alvarlegra aðgerða til að sjá til þess að virkjunin valdi ekki frekari skaða á Lífríki Laxár.

## Árangur af hrognagreftri og búsvæðagerð


Grafin voru hrogn á nokkrum stöðum í efri Laxá haustið 1997, ásamt búsvæðagerð fyrir seiði. Búsvæðin voru könnuð og virðast þau skila tilætluðum árangri. Vorgömul laxaseiði fundust úr hrognagreftrinum á neðri hluta efri Laxár en Þrátt fyrir mikla leit af vorgömlum seiðum skammt fyrir neðan stíflu við Svínavatn, fundust engin slík.

Hrognagröfturinn Þar virðist hafa misfarist. Vottur var Þar af vorgömlum urriðaseiðum en þau gætu verið komin þangað annarsstaðar úr ánni. Ef urriðaseiði hefðu komið úr hrygningu á staðnum sjálfum hefði mátt búast við meiri Þéttleika af þeim. Það bendir því margt til þess að enn einu sinni hafi vatn farið af þessum hluta árinna tímabundið eða eitthvað það annað gerst sem hefur drepist af sér hrogn. Fara verður ofan í saumana á þessu vandamáli í sumar og leysa það með varanlegum hætti.




Töluvert hefur verið unnið að veiðistaðagerð í Laxá á undanförmum árum og hefur sumt af því heppnast vel (Tumi Tómason 1998). Ljóst er að mun víðar er hægt að fara út í veiðistaðagerð og ekki síður búsvæðagerð fyrir laxaseiði. Tilbúnir veiðistaðir skapa reyndar búsvæði fyrir seiði en framkvæmdir sem beinlínis miðast við að skapa búsvæði fyrir seiði eru einnig góður kostur. Ég náði ekki að skoða þessa tilbúnu veiðistaði haustið 1998 og stendur það til bóta nú í sumar. Ég legg áherslu á að kannað verði með skipulegum hætti hvar í ánni sé hentugt og líklegt til árangurs að búa til búsvæði fyrir laxaseiði. Ég hef um allnokkur ár unnið að tilraunum með búsvæðagerð fyrir laxaseiði í Húseyjarkvísl í Skagafirði, Þar sem náðst hefur mjög góður árangur. Laxá er mjög lífrík og stöðug og hentar því mjög vel til búsvæðagerðar.

## Niðurlag


Ástand seiðastofna í Laxá er víðast ágætt um þessar mundir og töluverð ganga hefur verið til sjávar af gönguseiðum. Laxveiðin er aftur á uppleið í Laxá og búast má við ágætu veiðisumri 1999. Ástand hefur verið gott til sjávar auk þess sem gönguseiðaframleiðsla úr Laxá hefur verið ágæt síðustu tvö árin. Miklir möguleikar felast í búsvæðagerð fyrir seiði í Laxá og ber að skoða alverlega möguleika á slíku. Þau óhöpp sem haldið hafa áfram að eiga sér stað vegna virkjunarinnar eru óásættanleg og grípa þarf til aðgerða til að tryggja að raunverulegar úrbætur verði. Forsvarsmenn Laxárvirkjunar og heimamenn verða að ganga í það mál sem fyrst og verður nauðsynlegt að byggja þær aðgerðir á líffræðilegum upplýsingum um svæðið.



Mynd 1. Rafvelðistaðir í Laxá á Ásum í ágúst 1998.






Mynd 2a. Lengdar og aldersdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum sumarið 1998.




Mynd 2b. Lengdar og aldursdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum sumarið 1998.







Mynd 2c. Lengdar og aldursdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum sumarið 1998.

# stöð 10



mynd 2d. Lengdar og aldursdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum sumarið 1998.



Mynd 2e. Mynd 2a. Lengdar og aldursdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum sumarið 1998.